

Enska 7. bekkur 2019-2020

Kennari: Kristín Heiða Þórisdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í ensku sett fram í sjö flokkum: Hlustun; Lesskilningur; Samskipti; Frásögn; Ritun; Menningarläsi; Náms hæfni. Á blaðsíðum 125-131 í 20. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um ensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### Kennsluhættir

Áhersla er lögð á eðlilegan framburð og orðaforða sem einkenna daglegt mál. Nemendur þurfa að venjast því að heyra málið, skilja hvernig það er notað við raunverulegar aðstæður og fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem hann þekkir.

**Hlustun** – nemendur hlusta á það sem fram fer í kennslustofunni á ensku bæði í tali kennara og samnemenda, hlusta á mismunandi texta um daglegt líf, hlusta á tónlist og horfa á kvikmyndir á ensku.

**Lesskilningur** – nemendur lesa texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða. Fjalla um efni í dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, leita lykilupplýsinga í texta.

**Samskipti** – nemendur taka þátt í óformlegu spjalli um sjálfan sig og áhugamál sín og daglegt líf. Nota ensku sem samskiptamiðil í kennslustundum.

**Frásögn** – nemendur segja frá eða lýsa sjálfum sér, vinum, fjölskyldu og áhugamálum á einfaldan hátt, lýsa atburðum með stuðningi gátlista og mynda og segja frá eigin skoðunum.

**Ritun** – nemendur skrifa texta af mismunandi gerðum með orðaforða sem unnið hefur verið með, semja texta saman um efni sem þau þekkja og þjálfast í að skrifa í skrefum.

**Menningarläsi** – nemendur vinna með enska texta og kynnast þannig ensku þjóðlífi, sögu og lífsstíll. Hlusta á breska tónlist og horfa á breskar kvikmyndir.

**Náms hæfni** – nemendur taka þátt í hópavinnu, paravinnu og stöðavinnu um ýmis konar viðfangsefni og sýna öðrum tillitssemi, nota sér orðabækur, veforðasöfn og leitarvélar.

### Námsgögn

- Action Lesbók og verkefnabók
- Enskar málfræðiæfingar
- Ýmis ljósrit
- Veraldarvefurinn
- Enskar kvikmyndir og tónlist

**Námsmat:** Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið. Öll verkefni sem unnin eru á önninni eru metin til annareinkunnar sem og skil á heimanámi og þátttaka í tíma.